



LYFJAFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Pharmaceutical Society of Iceland

Velferðarnefnd
Nefndarsviði Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 23. nóvember 2018

Erindi: Umsögn Lyfjafræðingafélags Íslands (LFÍ) um frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum og lögum um landlækni og lýðheilsu (lyfaávisanir hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra) - Þingskjal 288 – 266. mál.

Lyfjafræðingafélag Íslands er ekki fylgjandi/leggst gegn því að frumvarpið verði samþykkt núna og í þessari mynd. Ástæður eru aðallega tvenns konar:

1. Allt er á huldu um innihald, kennslu og námsmar á því sem liggja á að baki „sérstöku leyfi landlæknis“. Forsendur leyfisins eru ljósar á þessari stundu.
2. LFÍ telur að fagstétt lyfjafræðinga og sérfræðipækking þeirra sé sniðgengin með þessum fyrirætlunum.

Jafnframt vill LFÍ ítreka fyrri umsögn sína sem send var 23. september 2018 varðandi drög að sama frumvarpi og fylgir með þessari umsögn og LFÍ lítur svo á að fyrri umsögn verði tekin með sem umsögn að þessu sinni líka.

Lyfjafræðingafélag Íslands óskar sterklega eftir því að eftirfarandi breytingar á lyfjalögum verði teknar með í þetta frumvarp:

1. Í niðurlagi 2. mgr. 11. greinar verði másl. „Í neyðartilfellum ... í minnstu pakkningu án lyfseðils“ felldur brott og í staðinn komi nýr másl.: „Lyfjaávisun lyfjafræðings í neyðartilfellum á minnstu pakkningu lyfs telst jafnframt lyfseðill.“
2. Í stað 1. másl. 4. mgr., sem verður 5. mgr., koma tveir nýir másl. svohljóðandi: Landlæknir hefur eftirlit með lyfjaávisunum lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og lyfjafræðinga. Svohljóðandi másl. Í frumvarpinu falli brott: Jafnframt hefur landlæknir eftirlit með afhendingu lyfjafræðinga á lyfjum í neyðartilfellum.

3. Lyfjafræðingafélag Íslands óskar sterklega eftir því að eftirfarandi breytingar á lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2001, með síðari breytingum, verði teknar með í þetta frumvarp:

3a. 1. mgr. 19. greinar orðast svo:

Verði lækni, tannlækni, hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir eða lyfjafræðingur uppvís að því að ávísa lyfjum í bága við lög eða stjórnvaldsfyrirmæli eða þannig að ávísunin teljist óhæfileg skal landlækni áminna viðkomandi. Komi áminning landlæknis skv. 14. gr. ekki að haldi getur hann ákveðið að viðkomandi skuli sviptur leyfi til að ávísa lyfjum, öllum eða einstökum flokkum, enda þyki ekki ástæða til sviptingar starfsleyfis skv. 15. gr.

3b. Í stað orðanna „lækni eða tannlækni“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: lækni, tannlækni, hjúkrunarfræðing, ljósmóður og lyfjafræðing.

Ítrekuð er fyrri umsögn sem send er með þessari umsögn og óskað er eftir því að litið sé á hana sem hluta af umsögn að þessu sinni.

LFÍ lýsir sig fúst til samráðs vegna þessa frumvarps og telur að fagþekking lyfjafræðinga geti nýst til að styrkja þá teymisvinnu sem nauðsynleg er til hagsbóta fyrir skjólstæðinga heilbrigðisþjónustunnar og til eflingar heilbrigði í landinu.

Virðingarfyllt,



Lóa María Magnúsdóttir

Formaður Lyfjafræðingafélags Íslands



LYFJAFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Pharmaceutical Society of Iceland

Velferðarráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 23. september 2018

Erindi: Umsögn Lyfjafraeðingafélags Íslands (LFÍ) um Drög að frumvarpi til laga um breyting á lyfjalögum og lögum um landlækni og lýðheilsu (ávísanaheimild hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra).

Lyfjafraeðingafélag Íslands (LFÍ) sendir eftirfarandi umsögn um Drög að frumvarpi til laga um breyting á lyfjalögum og lögum um landlækni og lýðheilsu (ávísanaheimild hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra), mál S-130/2018 í Samráðsgátt:

Lyfjafraeðingafélag Íslands (LFÍ) ítrekar fyrri umsagnir sínar og fyrri erindi til velferðarráðuneytisins þess efnis að eðlilegast væri að lyfjafraeðingar væri sú heilbrigðisstétt, auk lækna, tannlækna og dýralækna, sem hefði einhvers konar réttindi til ávísunar lyfja.

Lyfjafraeðingar hafa þegar neyðarrétt samkvæmt lyfjalögum þ.e. heimild til að afhenda lyf í minnstu pakkningu án lyfseðils. Eðlilegast og auðveldast væri að útvíkka þennan neyðarrétt þannig að lyfjafraeðingar gætu m.a. ávísað getnaðarvarnarlyfjum eftir ákveðnum fyrirfram skilgreindum reglum.

Lyfjafraeðingar hafa í fjölda ára afgreitt neyðargetnaðarvörn til kvenna og sjá um afgreiðslu lyfsins til að tryggja að viðskiptavinurinn fá nauðsynlegar upplýsingar varðandi töku lyfsins, svo koma megi í veg fyrir óhóflega eða ranga notkun lyfsins.

Lyfjafraeðingafélag Íslands (LFÍ) bendir á að mikilvægi þess að við ávísun hormónatengdra lyfja (þá einnig getnaðarvarnalýfja) sé farið yfir lyfjasögu þess sem á að taka lyfið og heilsufarssögu.

Lyfjafraeðingar er sú heilbrigðisstétt sem hefur mesta sérþekkingu á lyfjum, milliverkunum þeirra og aukaverkunum.

Lyfjafraeðingar eru jafnframt sú heilbrigðisstétt sem almenningur hefur greiðastan aðgang að.


Vegna mikils álags á heilsugæslustöðvum á Íslandi og skorts á hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum væri mun heppilegra að það álag væri minnkað með því að veita lyfjafræðingum réttindi til ávísunar lyfja samkvæmt fyrirfram skilgreindum reglum.

Til upplýsinga má geta þess að lyfjafræðingar í Bretlandi hafa í mörg ár haft réttindi til ávísunar lyfja að undangenginni sérstakri þjálfun. Lyfjafræðingar sem hafa réttindi til ávísunar lyfja og starfa í apótekum skulu gæta þess að sami einstaklingur og ávísar lyfinu afgreiði það ekki út úr apótekinu.

Ef ekki verður orðið við kröfu lyfjafræðinga að fá réttindi til ávísunar lyfja fer Lyfjafræðingafélag Íslands (LFÍ) fram á að það verði haft í huga við heildarendurskoðun lyfjalaga sem boðuð hefur verið. Lyfjafræðingafélag Íslands (LFÍ) lýsir sig reiðubúið til samstarfs og samráðs varðandi þá kröfu félagsins.

Lyfjafræðingafélag Íslands (LFÍ) leggur á það ríka áherslu að vandað verði til námskeiðs varðandi ávísanaheimild til annarra heilbrigðisstétta en lækna, tannlækna og dýralækna.

Virðingarfyllt,



Lóa María Magnúsdóttir
Formaður Lyfjafræðingafélags Íslands